



PRESTIR

Leikstjóri **Rúnar Rúnarsson**
www.kvikmyndavefurinn.is/films/nr/1563

Söguþráður

Ari er 16 ára Reykvíkingur sem kynnist fullorðinslífinu sumarið sem hann býr með föður sínum í fámennu sjávarplássi vestur á fjörðum. Þangað hefði Ari aldrei farið ef mamma hans hefði ekki farið til Afríku með nýja manninum. Hér býr Gunnar, faðir Ara, og líf hans er undirlagt af alkóhólisma og vonbrigðum. Gunnar er langt frá því að vera góð fyrirmynd og hefur takmarkaðan áhuga á að vera það.

Nýju lífi Ara fylgir takmörkuð gleði en bæði föðuramman og æskuvinkonan Lára eru ljósir punktar í hversdagslífinu. Þó tekst þeim ekki að vega upp á móti því siðleysi, grimmd og myrkri sem litla samfélagið er heltekið af.

Prestir er mynd af unglingi á tímum breytinga. Saga um breytingar, fyrstu stóru ástina og erfitt feðgasamband.

Um myndina:

Prestir er íslensk mynd eftir Rúnar Rúnarsson. Hún er tekin á 16 millimetra filmu og íslensk náttúra er áberandi. Annars er það unglingspilturinn Ari sem er miðpunktur myndarinnar. Við fylgjum honum gegnum tilfinningalega krefjandi sumar, þar sem áskoranir fylgjandi því að vaxa úr grasi bíða í röðum.

Í myndinni eru nokkur kynlífsatriði sem eru í greinilegu samhengi við efni og boðskap myndarinnar.

Þessa mynd hefðu fæst ungmenni valið ef þau hefðu ráðið. Hún á þó fullt erindi í skólana. Hér eru viðruð mörg mikilvæg þemu tengd unglingsárunum sem geta knúið fram spennandi og áhugaverðar umræður og vangaveltur í bekknum.

Prestir hafa unnið til fjölda verðlauna, þar á meðal á kvikmyndahátíðinni í San Sebastian í flokknum besta myndin og á kvikmyndahátíðinni í Gautaborg þar sem hún fékk verðlaun gagnrýnenda.

Aðrar myndir sem benda má á eru Dryats, Pyromanen, Meg eier ingen, Girlhood og Etterskjelv.

Einnig má spegla myndina í velgengni þáttaraðarinnar Skam frá NRK þar sem áskoranir ungmenna tengdar samfélagsviðmiðum, parsamböndum, skemmtanamenningu, kynverund og ofbeldi eru í brennidepli.

Verkefni:

Verkefnin eru ekki í ákveðinni röð og kennarar og nemendur geta valið úr þeim til að fá þá útkomu sem óskað er.

Hver kennari verður að meta (og mögulega aðlaga) erfiðleikastig og framsetningu verkefna út frá nemendahópnum. Veljið einnig sjálf hvort svör skuli vera skrifleg eða munnleg og að hve miklu leyti nemendur vinna hver fyrir sig eða í hópum. Mörg verkefnanna henta líka vel sem umræðuefni í bekknum.

Mörgum spurninganna/verkefnanna er ekki hægt að svara eingöngu út frá upplýsingum úr myndinni. Það hefur úrslitaáhrif að veita nemendum aðgang að netinu og öðrum uppflettiritum. Og ekki eru til skýr svör við nærri öllum spurningunum.

Sumar spurninganna/verkefnanna snúast um minna áberandi, en þó mikilvæga, þætti í atburðarásinni. Því ætti ekki að líða of langur tími milli undirbúningsvinnu, sýningar og úrvinnslu.

A Undirbúningsverkefni:

Mörg þeirra koma aftur við sögu í úrvinnslunni. (Ef ekki er tækifæri til að fara í gegnum allan þennan þátt fyrir sýningu myndarinnar).

1. Notið svólítinn tíma til að setja ykkur inn í hvers konar mynd þetta er. Lesið söguþráðinn og sjáið stikluna. Talið saman í bekknum um við hverju þið eigið að vera búin.
 2. Hvenær hættir maður að vera barn og verður ungmenni og hvenær hættir maður að vera ungmenni og verður fullorðinn? Er það ákveðin reynsla sem ungmenni þarf að hafa til að geta kallað sig fullorðið?
 3. Hvað er fyrirmynd? Gefið ólík dæmi. Að hve miklu leyti eru foreldrar mikilvægar fyrirmyndir ungmenna? Ræðið saman í bekknum.
 4. Hversu sjálfsögð er áfengisneysla í þinni fjölskyldu? Hverjar geta verið ólíkar ástæður þess að margir deyfa sig með áfengi? Gefið dæmi um afleiðingar, jákvæðar og neikvæðar, tengdar áfengisneyslu.
 5. Samræðisaldur á Íslandi er 14 ár. Hvenær finnst þér rétt að fólk fari að stunda kynlíf?
 6. Í myndinni er lýst refsiverðum kynlífsathöfnum. Ræðið þetta í bekknum og gefið dæmi um ólöglegar athafnir.
- 1.

B Úrvinnsluverkefni

Persónurnar:

1. Ræðið um ýmsar breytingar sem verða á Ara sumarið sem hann dvelur hjá þabba sínum. Hvaða þættir, jákvæðir og neikvæðir, haldið þið að hafi haft áhrif á og breytt persónuleika hans mest á þessum tíma?
2. Hugleiðið hvers konar maður Ari er í lok myndarinnar. Hverjar af ólíkum hliðum hans telurðu lýsa honum best sem barni, unglingi og sem ungmenni?
3. Lýstu Gunnari, föður Ara. Hvað heldurðu að hann teldi sjálfur
4. gott og ekki gott í lífi sínu? (Amma Ara segir að karlmennskan sé fötlun Gunnars. Hvað á hún við með því, heldurðu?)
5. Hvernig sést að Gunnar tjáir (þrátt fyrir allt) ást sína til Ara?
6. Hugsaðu þér að þú fengir færi á að gefa Ara og föðurnum ráð til að bæta feðgasambandið, hvað segðirðu þá? Ræðið saman í bekknum um góð ráð.
7. Af því litla sem við fáum að vita um móður Ara, hvað myndirðu þá segja að væri til marks um styrkleika hennar og veikleika?
8. Lýstu Láru. Hvernig heldurðu að Ari myndi lýsa henni?
9. Í síðasta hluta myndarinnar leggst Ari nakinn við hlið Láru þannig að hún haldi að þau hafi haft samfarir (þegar hún vaknar úr Ketamín-vímunni). Þannig átti hún sig ekki á að henni hafi verið nauðgað. Hvað segir þetta um persónuleika Ara? Var þetta af umhyggjusemi gert? Eigingirni? Skammsýni? Herkænsku? Ræðið málið í bekknum. Hvað haldið þið að Ari hefði getað gert annað í þessum aðstæðum?
10. Vera, vinkona Gunnars, sefur hjá honum þótt hún sé meira en þrisvar sinnum eldri en hann. Síðar sömu nótt sefur hún hjá Gunnari. Hvað segir þetta um persónuleika hennar? Hverjar heldurðu að séu ástæðurnar fyrir þessu?
11. Hvernig myndirðu lýsa sjávarþorpinu í heild sinni? Finndu röksemdir með og á móti því að þarna hefðirðu viljað alast upp.

C Uppvöxtur: Umhyggja, ofbeldi og sjálfið

Sumar þessara spurninga eru endurtekningar úr undirbúningsverkefnunum.

1. Samræðisaldur er 14 ár á Íslandi. Hvenær finnst þér rétt að fólk fari að stunda kynlíf?
2. Í myndinni sjáum við Ara stunda kynlíf með Veru, vinkonu föðursins. Ari er kominn yfir samræðisaldur og mótmælti ekki en ræðið í bekknum hvort þetta var ofbeldi af hálfu Veru. Hvað finnst ykkur gott og vont við þessar aðstæður?
3. Hvað er ofbeldi? Gefið ólík dæmi. Getur það flokkast sem ofbeldi að móðir Ara yfirgaf hann og fór til Afríku? Ræðið í bekknum.
4. Hvenær hættir maður að vera ungmenni og verður fullorðinn? Kallar það á sérstaka reynslu?
5. Ari fær verkefni frá Tomislav. Hann fær að lokum laun og þá segir Tomislav: Nú ertu orðinn karlmaður. Hvað meinar hann með því?
6. Einar er fúll af því að sambandi þeirra Láru lýkur án þess að þau hafi samfarir. Kærasta Bassa segir svo dæmigert að strákar hugsi um kynlíf. Er það rétt? Er það dæmigerðara fyrir stráka en stelpur? Ræðið.
7. Hvað er fyrirmynd? Nefnið ólíkar fyrirmyndir. Lýsið föður Ara sem fyrirmynd, á jákvæðum og neikvæðum nótum.
8. Hversu algeng er áfengis- eða vímuefnaneysla þar sem þú býrð? Ræðið ástæður þess að unglingar vilja komast í vímu.
9. Hverjar eru jákvæðar afleiðingar áfengis? Hverjar eru neikvæðar afleiðingar þess? Gefið dæmi úr myndinni um það sem gerist en hefði kannski ekki gerst ef áfengi/vímuefni hefðu ekki verið með í spilinu.
10. Tveir karlmenn misnota Láru kynferðislega meðan hún er meðvitundarlaus. Hvaða refsing finnst þér við hæfi fyrir brot þeirra? Rökstyddu svarið.

11. Því fylgja margar áskoranir að vaxa úr grasi. Oft getur verið erfitt að höndla líf sitt einn. Þá er nauðsynlegt að ræða við aðra. Við hvern getur maður talað þegar hjálpar er þörf? Ræðið í bekknum og gefið ólík dæmi.
12. Í lokaatriði myndarinnar sjáum við Ara leggjast við hlið föður síns. Af hverju heldurðu að hann geri það? Skrifðu niður það sem þú heldur að Ari hugsí þegar hann liggur þarna.

C Listgreinar og sköpun

Hér má sjá yfirlit yfir ólík atriði myndarinnar. Lesið það yfir og gerið eitt eða fleiri af þessum þremur verkefnum.

- a. Veljið atriði og endursegið aðstæður og andrúmsloft sem ljóð. Ef þú skrifar í 1. persónu getur hvaða persóna sem er verið sögumaðurinn.
- b. Veljið eitt atriði og teiknið eða málið mynd úr því og gefið viðeigandi titil.
- c. Vinnið saman í hóp og búið til hlutverkaleik þar sem þið endurskapið atriðið sem þið völduð. Gerið tvær útgáfur. Í annarri lýsið þið myndinni sem best og í hinn skiptið þið svörum Ara út fyrir það sem ykkur finnst að hann hefði átt að segja.

Atriðin eru þessi:

- Þegar Ari hittir föður sinn aftur í fyrsta sinn í sex ár. Þeir keyra saman heim í niðurnítt hús föðurins.
- Þegar Ari tekur þátt í sumarpartíinu. Unglingarnir kveiktu bál í fjörunni og eru að drekka. Ari liggur undir grun um að njósna um Láru og kærasti hennar, Einar, ræðst á hann.
- Þegar Ari læsir sig inni á æskuheimilinu (sem er til sölu og stendur autt). Hann hringir þaðan í móður sína og biður hana að koma heim.
- Þegar Ari fer á veiðar með pabba sínum og getur ekki skotið selinn í sjónum.
- Þegar Ari syngur í útför ömu sinnar.
- Þegar Ari og Lára vakna saman eftir partíið.

D Ýmislegt

Sumar þessara spurninga/ verkefna eru endurtekningar úr undirbúningsverkefnum.

1. Af hverju heldurðu að myndin heiti *Prestir*? Ræðið í bekknum.
2. Ari fær ekki að fara með mömmu sinni til Afríku. Hún ætlar á slóðir þar sem börn geta ekki verið með. Hvað getur það þýtt? Ef mamman hefði vitað í hverju Ari myndi lenda í heimabæ föðurins, heldurðu þá að hún hefði frekar viljað hafa hann með sér? Ræðið í bekknum.
3. Hvað er að vera karlmannlegur? Hvað er neikvætt og hvað jákvætt tengt karlmennsku? Ræðið.
4. Það kemur að því að amma Ara missir þolinmæðina og hrópar á Gunnar son sinn: Hvers konar fyrirmynd ert þú? Er ekki tímabært að hætta þessari sjálfsvorkunn sem hefur þjáð þig eftir skilnaðinn? Þú hefur ekki séð hann árum saman og nú fékkstu tækifæri. Farðu aftur að sækja AA-fundina! Skrifðu það sem þú heldur að hún hefði sagt við hann ef hún hefði getað tala við hann í rólegheitum. Hefði boðskapurinn verið sá sami?
5. Skiptið bekknum í fjóra hópa sem fær hver sitt þema. Flótti, feðgasamband, vímuefni og kynlíf eða það að verða fullorðinn. Hver hópur þarf að finna röksemdir fyrir því að þeirra þema sé mikilvægast í myndinni. Notið þessar röksemdir að lokum í rökræðum bekkjarins.

E. Almennar spurningar í kvikmyndafræði

1. Hversu góð fannst þér myndin? Hvað fannst þér gott og hvað fannst þér lakara?
2. Hversu vel fannst þér myndin passa bekknum? Rökstyddu svarið.
3. Hvaða ólíkar tilfinningar kallaði myndin fram? Ollu einhver atriði leiða? Gladdistu við áhorf myndarinnar? Leið þér illa? Reiddistu? Fannst þér eitthvað vandræðalegt? Hvað fékk þig til að hlæja eða gráta? Olli eitthvað pirringi? Brugðust aðrir í bekknum við á sama hátt? Ræðið í bekknum.
4. Af hverju heldurðu að þeir sem gerðu myndina hafi viljað segja nákvæmlega þessa sögu?
5. Skrifaðu dóm um myndina. Lýstu því sem þér fannst gott og því sem þér fannst ekki gott. Fyrir hvern er myndin? Rökstyddu svarið.

Aðstandendur og starfslið

Leikstjórn **Rúnar Rúnarsson**

Handrit **Rúnar Rúnarsson**

Leikarar **Atli Óskar Fjalarsson, Ingvar E. Sigurðsson, Rakei Björk Björnsdóttir, Rade Serbedzija**

Stjórn kvikmyndatöku **Sophia Olsson**

Klipping **Jacob Schulsinger**

Tónlist **Kjartan Sveinsson**

Aðal framleiðandi **Mikkel Jersin, Rúnar Rúnarsson**

Meðframleiðandi **Lilja Ósk Snorradóttir**

Búningar **Helga Rós V. Hannam**

Framleiðandi **Birgitte Hald**

Lengd **99 mín**

Framleiðsluár **2015**

Kennsluefni unnið fyrir **filmweb.no/skolekino**

Texti **Per Olav Heimstad**

Þýðing **Nanna Gunnarsdóttir**